

KIRKJUGARÐARÁÐ

138. fundur haldinn mánudaginn 13. febrúar 2017 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediksdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins,

Gestir fundarins: Agnes M Sigurðardóttir biskup Íslands sat fundinn undir lið 2.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 11:10. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt með smávægilegum breytingum.

2. Kynning á umsóknum um styrki úr Kirkjugarðasjóði 2017

Framkvæmdastjóri kynnti styrkumsóknir. Sjóðnum bárust um 40 umsóknir.

3. Greiðslu- og fjárhagsáætlun Kirkjugarðasjóðs 2017

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þessum lið. Greiðslu- og fjárhagsáætlunin samþykkt.

4. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2017

Þórsteinn Ragnarson vék af fundi þegar fjallað var um styrkumsókn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Smári Sigurðsson vék af fundi þegar fjallað var um umsókn Kirkjugarða Akureyrar.

Kirkjugarður	Úthlutun 2017	Verkefni
Austfjarðarprófastsdæmi		
Vopnafjarðarkirkjugarður	500	Afmarka austurhlíð garðs með einhlöðnum vegg.
Hofskirkjugarður	300	Hönnun þjónustuhúss fyrir kirkju og kirkjugarð
Eiðakirkjugarður	800	Greiða niður lán vegna framkvæmda við kirkjugarðinn.
Hjaltastaðarkirkjugarður	300	Jafna yfirboð á vegg og tyrfa um 300 m ² svæði í garði.
Suðurprófastsdæmi		
Stóra-Núpskirkjugarður	800	Greiða niður af skuldabréfi vegna láns garðsins frá kirkjunni.
Villingaholtskirkjugarður	250	Laga umgjörð garðsins sem er skjólbelti.
Þingvallakirkjugarður	300	Leggja stíg úr nátturhellum og mála og yfirfara sáluhlið
Kjalarnesprófastsdæmi		
Útskálakirkjugarður	1.000	Stækkun kirkjugarðsins.
Kirkjugarðar Keflavíkur	600	Bæta aðgengi að kirkjugarðinn við Aðalgötu.

Reykjavíkurrófastsdæmi		
Kirkjugarðar Reykjavíkurrófastsd.	8.500	Bygging þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði.
Vesturlandsrófastsdæmi		
Lundarkirkjugarður	200	Ganga frá aðkomu garðsins
Reykholtskirkjugarður	800	Greiða niður skuld og ljúka framkvæmdum við stækkun.
Stafholtskirkjugarður	800	Endurnýja girðingu um kirkjugarðinn.
Ólafsvíkirkirkjugarður	400	Greiða niður lán við kirkju.
Ingjaldshólskirkjugarður	400	Greiða niður skuld garðsins.
Setbergskirkjugarður Grundarfirði	800	Byggja nýtt sáluhlið
Kvennabrekkusókn/v Sauðafellsskg.	0	Byrja að halað upp vesturhlið Sauðafellskirkjugarðs.
Vestfjarðarrofastsdæmi		
Reykhólar	800	Ljúka við að girða kirkjugarðinn og greiða bankaskuld.
Ísafjarðarkirkjugarður	150	Vinna að stefnumörkun fyrir gamla kirkjugarðinn.
Húnav- og Skagafjarðarpr		
Höskuldsstaðakirkjugarður	400	Laga bílastæði og útbúa sögutorg
Sauðárkróskirkjugarður	700	Endurnýja raf lagnir og koma upp lýsingu í kirkjugarðinum.
Rípurkirkjugarður	350	Hlaða upp framhlið kirkjugarðsins og lagfæra aðkomu.
Silfrastaðakirkjugarður	250	Lagfæra innan kirkjugarðs.
Fellskirkjugarður	350	Endurnýja umgjörð kirkjugarðsins.
Eyjafj- og Þingeyjarpróf.		
Ólafsfjarðarkirkjugarður	800	Vegna gerð stíga í kirkjugarðinum.
Kg. Dalvíkur.pr. v/Vellir	500	Bæta aðkomu að kirkju og garði.
Kg.Möðruvallakl.pr.v/Myrká	200	Útbúa bílastæði og bæta aðgengi að garðinum á Myrká
Kirkjugarðar Akureyrar	2.000	Gerð nýrra grafarsvæða, stíga og uppsetningu raflýsingar.
Kg.Laugal. pr. v/Saurbær	600	Greiða niður skuld vegna framkvæmda við Saurbæjarkg.
Kg. Laugal.pr.v/Grund.	400	Endurnýja gangstíg í garðinum og lagfæra grindverk
Kirkjugarðar aflagðir eða án sóknar.		
Háls í Hamarsfirði	300	Greiða niður skuld og útbúa einfalt sáluhlið og girðingu
Arnarbæli í Ölfusi	200	Setja upp söguskilti um staðinn.
Krýsuvíkirkirkjugarður	800	Greiða niður skuld vegna hleðslu og girða vesturhlið.
Húsafellskirkjugarður	350	Skrá sögu og undirbúa uppsetningu Húsafellslegsteina.
Annað		
KGSÍ v/þjónustusam.	5.500	Framlenging á þjónustusamningi.
KGSÍ v/uppfærslu á gardur.is	10.000	Uppfærsla tölvukerfa gardur.is
Endurgreitt 8.5% í grafarsjóðs	14.406	Styrkur til að mæta hækkun á prestskostnaði vegna útfara.
Ýmsir kirkjugarðar	500	Undirbúningur, skráning og frumhönnun
Óráðstafað	694	Til ráðstöfunar í styrki seinn á árinu ef með þarf.
SAMTALS:	57.000	
Allar upphæðir í þúsundum króna		

5. Skipting framlags til kirkjugarða árið 2017 og einingarverð vegna greiðslu umhirðukostnaðar og grafarkostnaðar

Þórsteinn Ragnarsson kynnti tillögu stjórnar KGSÍ og greindi frá að Jóhannes Finnur Halldórsson sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu hafi tekið við útreikningum einingagjalds að beiðni stjórnar KGSÍ. Lagt var til að upphæð einingaverðs yrði sú sama og í fyrra. Kirkjugarðaráð samþykkir að deila fjármagni út með þessum hætti skv. meðfylgjandi tillögunni en vekur jafnframt athygli á að það fjármagn sem er veitt er úr ríkissjóði stendur engan veginn undir þeim kostnaði sem verkefninu fylgir.

Gildir 2017	Umhirðutekjur á fermetra	Grafartekjur á gröf	viðb.fm. v/grafar
	Nettó kr/fm	Nettó kr/gröf	
Stærðarflokkur 1, 2	155	90.638	3
Stærðarflokkur 3	231	90.638	4
Stærðarflokkur 4	378	90.638	5
Stærðarflokkur 5*	537	80.748	5
Stærðarflokkur 6	641	80.748	7,5
Stærðarflokkur 7	641	80.748	7,5
Stærðarflokkur 8	797	80.748	9,5
Stærðarflokkur 9 og 10	798	73.243	9,5
Stærðarflokkur 11 duftker í þéttb.	818	42.757	1,5
Stærðarflokkur 12 duftker í dreifb.	Skv. stærðarfl.	59.292	1,5

*Dreifbýlisgarðar í þessum flokki fá greitt kr. 82.505 fyrir kistugröf.

Hér fyrir ofan eru tillögur stjórnar KGSÍ um einingaverð til kirkjugarða 2017. Vakin er athygli á því að grafartekjur eru þær sömu milli ára 2016 og 2017 en umhirðutekjur hækka um 4%. Þóknun presta við útfarir hefur hækkað gríðarlega á sl. 3 árum. Hækkunin nemur 80% á þessu tímabili. Kirkjugarðar landsins hafa ekki fengið aukið framlag vegna þessara hækkana. Þetta eykur enn á rekstrarvanda kirkjugarða og verða margir garðar að taka af umhirðugreiðslunum til að geta greitt verktökum fyrir grafartöku og eru þær greiðslur víða langt undir taxa. Stjórn KGSÍ ritaði bréf til dómsmálaráðherra í janúar sl. og vakti athygli á því að kirkjugarðar hefðu ekki fengið aukið fé til að mæta þessum hækkunum. Svar hefur ekki borist, þegar þetta er ritað 13. febr. 2017. Forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafa báðir fengið bréf í byrjun þessa mánaðar, þar sem vakin er athygli á þessum vanda.

Tekið skal fram að kirkjugarðar hafa í raun ekki getað tekið á sig þær hækkunir á gjaldskrá presta sem orðið hafa sl. 3 ár. Þessi auknu útgjöld hafa haft það í för með sér að verktakar við grafartöku hafa fengið að sama skapi minna og afkoma þeirra kirkjugarða, sem eru með eigin vélakost og mannafla, hafa haft minna upp í kostnað við laun og rekstur véla og tækja. Ef frekari hækkunir verða á yfirstandandi ári verður ekki að óbreyttu hægt að greiða þær.

F.h. stjórnar KGSÍ.



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður.

6. Tillaga frá Þórsteini Ragnarssyni um að Kirkjugarðaráð láti kanna lögfræðilega hvort tilefni sé til að stefna ríkinu fyrir vanefndir á samkomulagi um framlag úr ríkissjóði til kirkjugarða

Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við framkvæmdastjóra Kirkjuráðs um málið.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 13. mars kl. 14:00

8. Önnur mál

Þórsteinn kynnti bréf sem hann sendi f.h. Kirkjugarðasamband Íslands til dómsmálaráðherra og fjármála og efnahagsráðherra þar sem vakin er athygli á fjárhagsvandræðum kirkjugarða.

Kristín Huld greindi frá að Minjastofnun Íslands væri að vinna verklagsreglur varðandi jarðsetningar í forna garða. Stofnunin kynnir málið betur á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 15:45.

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari